

FUM, stjórnarfundur

Fundargerð

30. mars 2016 (kl. 13:00-14:00)

Mættir: Amalía Björnsdóttir formaður FUM, Annadís G. Rudolfsdóttir, Elsa Eiríksdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir, Sólveig Jakobsdóttir, Þorlákur Axel Jónsson.

1. *Setning nýrrar stjórnar.* Fyrsti stjórnarfundur nýrrar stjórnar og var ákveðið að Elsa yrði ritari og Sólveig gjaldkeri. Rætt var í framhaldi um praktísk mál sem sneru að því að skipta um gjaldkera og fá aðgang að reikningum félagsins.
2. *Fundargerð.* Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt af þeim sem voru í fyrri stjórn. Amalía lagði fyrir stjórn fundargerð aðalfundar og voru engar athugasemdir gerðar við fundargerðina.
3. *Ráðstefnan í vor.* Umræða var um framkvæmd ráðstefnunnar sem verður 12.-13. maí. Í fyrsta lagi var rætt um hverjir gætu verið með framsögn af íslenskum fræðimönnum og var ákveðið að Amalía myndi leita til nokkurra fræðimanna til að halda tvær framsögur. Tveir skotanna verða með framsögu og teljast fjalla um siðferðisleg álitamál. Í öðru lagi var rætt um húsnæði og kostnað. Amalía lagði fram drög að kostnaðaráætlun og var samþykkt að setja ráðstefnugjaldið 3.900 kr. fyrir félagsmenn og 5.900 kr. fyrir aðra til að standa undir kostnaði (mikilvægt að búið sé að rukka félagsgjöld). Einnig var ákveðið að hádegisverður væri ekki á vegum ráðstefnunnar og að stjórnin myndi halda utan um skráningu og rukkun á ráðstefnuna til að halda kostnaði í lágmarki. Í þriðja lagi var rætt um markhóp og þátttakendur ráðstefnunnar og að ráðstefnan væri ætluð rannsakendum í Menntavísindum fyrst og fremst. Að lokum var samþykkt að hafa 15. apríl sem skiladag fyrir útdrætti og að svar myndi berast 20. apríl.
4. *Önnur mál.* Ákveðið að vinna mál áfram í tölvupósti en að Amalía myndi kalla til fundar þegar nær dregur.

Elsa Eiríksdóttir